

# Lækkun virðisaukaskatts

**Þann 1. mars 2007 tóku gildi lög nr. 175/2006 en með þeim eru gerðar breytingar á lögum um virðisaukaskatt og vörugjald. Þær veigamestu eru á skatthlutfalli virðisaukaskatts og verða þeim gerð skil í orðsendingu þessari.**

Meginreglan er sú að virðisaukaskattur er 24,5% en tiltekna vörur og þjónusta báru 14% virðisaukaskatt, skv. 14. gr. laga um virðisaukaskatt. Frá og með 1. mars féll 14% skattþrepið niður og varð 7%.

til endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna matvæla- aðfanga sem bera 14% virðisaukaskatt, þ.e. frá og með uppgjörstímabilinu mars - apríl 2007. Þegar reikna skal hlut virðisaukaskatts í heildarverði vöru eða þjónustu skal notuð prósentan 6,54%.

## Vörur og þjónusta sem frá 1. mars bera 7% virðisaukaskatt

- Útleiga hótél- og gistiherbergja og önnur gistiþjónusta.
- Afnotagjöld útvarpsstöðva.
- Sala tímarita, dagblaða, landsmála- og héraðsfréttablaða.
- Sala bóka, jafnt frumsaminna sem þýddra, sem og hljóðupptökur af lestri slíkra bóka.
- Sala á heitu vatni, rafmagni, og olíu til hitunar húsa og laugarvatns.
- Sala á matvörum og öðrum vörum til manneðis, eins og skilgreint er í viðauka við breytingarlögin, þó ekki sala á áfengi.
- Aðgangur að vegamannvirkjum.
- Geisladiskar, hljómplötur, segulbönd og aðrir sambærilegir miðlar með tónlist en ekki með mynd.


Sala veitingahúsa, mótuneyta og annarra hliðstæðra aðila á tilreiddum mat fellur einnig undir 7% skattþrepið. Þar af leiðandi fellur niður réttur þessara aðila

## Leiðréttingar á skattskyldri veltu eftir 1. mars

Hafi reikningur með 14% virðisaukaskatti verið gefinn út fyrir 1. mars 2007 en gefa þarf út kreditreikning eftir þau tíma- mörk, svo sem vegna þess að seldum verðmætum er skilað, skal kreditreikningurinn vera með 14% virðisaukaskatti en ekki 7%.

Vakin skal athygli á því að ekki ber að gera grein fyrir leiðréttingum af framangreindum toga á leiðréttingar- skýrslu virðisaukaskatts (RSK 10.26) heldur á eyðublaðinu RSK 10.02 sem skattfyrirvöld hafa látið útbúa sérstaklega vegna þessara leiðréttinga. Eyðublaðið má finna á upplýsingavef ríkisskatt- stjóra, rsk.is.

Á vef ríkisskattstjóra má einnig finna upptalningu á vörum skv. flokkun tollskrár sem falla undir 7% skattþrepið. Nánari upplýsingar um tollflokkan vara má fá á tollur.is og hjá tollstjóranum í Reykjavík og sýslumönnum um land allt.



Sjá umfjöllun á bakhlið varðandi breyttar reglur um ársskil og nýskráningu

# Breyttar reglur um ársskil og nýskráningu

Þann 1. janúar sl. tóku gildi breytingar á reglugerð nr. 667/1995, um framtal og skil á virðisaukaskatti. Breytingarnar miða m.a. að því að draga úr kvöðum og veita virðisaukaskattsskyldum aðilum aukið svigrúm við val á uppgjörstímabilum.

## Ársskil

### Veltumörk ársskila

Veltumörk ársskila voru hækkuð úr 800.000 kr. upp í 1.400.000 kr. Þeir sem höfðu veltu af virðisaukaskattsskyldri starfsemi á árinu 2006 á bilinu 800.000 kr. til 1.399.999 kr. eiga þó val um hvort þeir nota almanaksárið 2007 sem uppgjörstímabil eða gera upp virðisaukaskatt rekstrarársins 2007 á tveggja mánaða fresti.

### Reiknað endurgjald eða meðallaun 100.000 kr. eða hærra á mánuði

Meginreglan er sú að þeir sem gera upp virðisaukaskatt á tveggja mánaða fresti eru færðir í ársskil hafi þeir verið heilt almanaksár á virðisaukaskattsskrá og sala þeirra á virðisaukaskattsskyldum vörum og þjónustu ekki náð 1.400.000 kr. veltumörkunum á því ári. Þessir aðilar eru þó ekki

færðir í ársskil ef reiknað endurgjald eða meðallaun sem greidd hafa verið samkvæmt skilgreinum staðgreiðslu eru 100.000 kr. eða hærra á mánuði.

### Dregið úr leiðréttingarskyldu

Ársskilaaðilum er nú ekki skylt að tilkynna skattstjóra um breyttar forsendur fyrir ársskilum fyrr en á því tímabili þegar velta þeirra nær 3.000.000 kr. Hins vegar er heimilt að tilkynna um slíkar forsendubreytingar og hefja skil á tveggja mánaða fresti þegar veltan nær 1.400.000 kr.

Nánari upplýsingar um ársskilareglur er að finna í leiðbeiningum um „Ársskil á virðisaukaskatti“ (RSK 11.23) og orðsendingu nr. 2/2007 „Ársskil – skil á virðisaukaskatti fyrir árið 2006“.

## Nýskráning

### Einstaklingar með 100.000 kr. eða meira í reiknað endurgjald á mánuði

Þeir einstaklingar sem að eru að hefja starfsemi byrja að öllu jöfnu í ársskilum. Þó geta þeir sem eru með 100.000 kr. eða meira í reiknað endurgjald

á mánuði sótt um að gera upp virðisaukaskatt samkvæmt almennum uppgjörstímabilum. Slík beiðni verður að berast með tilkynningu um skráningu á virðisaukaskattsskrá, á eyðublaðinu RSK 5.02 „Tilkynning til skattyfirvalda“.

Sjá umfjöllun á framhlið um lækkun virðisaukaskatts úr 14% í 7%

Allt um **rafræn skil** á [rsk.is/vefskil](http://rsk.is/vefskil)

Nánari upplýsingar og gögn má fá á [www.rsk.is](http://www.rsk.is) og hjá skattstjórum um land allt.